

Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga 2021

Fimmtudagur 14. október, kl. 9.00-11.00

Fjarfundur

Dagskrá:

Ný jafnréttislöggjöf (lög nr. 150/2020 og 151/2020)

Jón Fannar Kolbeinsson lögfræðingur hjá Jafnréttisstofu fjallar almennt um lögina og helstu breytingar á þeim ásamt því að fara yfir þær kröfur sem gerðar eru til áætlana sveitarfélaga um jafnréttismál.

Menntun og skólastarf

Bryndís Elfa Valdemarsdóttir sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu fjallar um áherslur í menntun og skólastarfi og eftirlit Jafnréttisstofu.

Ingibjörg Ólafsdóttir jafnréttisráðgjafi hjá menntamálaráðuneytinu fjallar um eftirfylgni með jafnrétti kynjanna og þróun jafnréttismála í skóla- og uppeldisstarfi.

Þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, 2021-2025

Alfa Dröfn Jóhannsdóttir forvarnafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Hjalti Ómar Ágústsson sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu kynna verkefnið og fara sérstaklega yfir mikilvægt hlutverk sveitarfélaganna.

Jafnlaunastofa Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar

Helga Björg Ragnarsdóttir skrifstofustjóri á mannauðs- og starfsumhverfissviði Reykjavíkurborgar kynnir fyrirhugaða starfseiningu um jafnlaunamál og hlutverk hennar gagnvart sveitarfélögum.

Atvinnuþátttaka og tekjumunur eftir búsetu

Erla Hrönn Unnsteinsdóttir meistaraniemi í kynjafræðum og Tryggvi Hallgrímsson sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu kynna frumniðurstöður úr verkefni sem unnið er samkvæmt Byggsááætlun.